



Fuglamerkingar 2018

Árið 2018 var 98. ár fuglamerkinga á Íslandi og það 87. í umsjón Íslendinga. Fimmtíu og sjö merkingamenn skiluðu skýrslum um merkingu á alls 21.648 fuglum af 83 tegundum. Þetta er metfjöldi merkingamanna og stærsta ár frá upphafi í fjölda merktra. Mest var merkt af auðnutittlingum, 10.945 fuglar, en næstmest af skógarþresti, 2844 fuglar. Ein ný tegund var merkt á árinu og var 158 tegundin moldþröstur. Ein ný tegund var endurheimt á árinu en það var rósastari.

Starfslið

Fuglamerkingaráð: Guðmundur A. Guðmundsson (formaður), Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen, Svenja N.V. Auhage, Anna Sveinsdóttir, Kjartan Birgisson og Trausti Baldursson.

Dagleg umsýsla: Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (0,34 og 0,63 ársverk).

Fuglamerkingar

- Alls voru 21.648 fuglar af 83 tegundum merktir árið 2018 og var ein tegund merkt í fyrsta sinn (samtala 1921-2018, 740.528 fuglar af 158 tegundum; 1. tafla).
- Virkir merkingamenn (þ.e. þeir sem merktu einhvern fugl á árinu) voru 57 talsins árið 2018 (2. tafla) sem eru fleiri en nokkru sinni áður.
- Átta nýir liðsmenn fuglamerkinga bættust við á árinu. Þeir eru Guðmundur Örn Benediktsson (425), Arney Ólöf Arnardóttir Húsey (426), Norman Ratcliffe BAS Cambridge (427), Nina Dehnhard Univ. of Antwerp (428), Höskuldur Þráinsson og Sigríður Magnúsdóttir (429), Anthony Roberts British Explorer Society (430), Jón Kolbeinn Jónsson (431) og Fannar Þeyr Guðmundsson (432).
- Þeir sex aðilar sem merktu flesta fugla á árinu 2018 voru Sverrir Thorstensen sem nýmerkti 5206 fugla (það er nýtt Íslandsmet), Jón Magnússon merkti 3505 fugla, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands merkti 2785 fugla, Ingvar A. Sigurðsson merkti 2131 fugl, Erpur Snær Hansen merkti 810 fugla og Gunnar Tómasson merkti 782 fugla (2. tafla).
- Ein ný tegund var merkt á árinu. Þann 26. september 2018 kom moldþröstur *Hylocichla ustulata* í net Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands á Höfn í Hornafirði og þann 20. október annar sömu tegundar í Einarslundi.

- Ný tegund endurheimtist í fyrsta sinn á árinu. Rósastari *Sturnus roseus* merktur (BTO LK35095) 3. júní 2018 á Fair Isle í Skotlandi og fundinn dauður á Borg á Mýrum, A.-Skaft 15. júní 2018.
- Mest var merkt af eftirtöldum tegundum árið 2018: 10.945 auðnutittlingar, 2844 skógarþrestir, 1290 snjótittlingar, 950 kríur og 777 lundar (1. tafla).
- Þær tólf tegundir sem mest hefur verið merkt af frá upphafi eru: 82.586 snjótittlingar, 80.317 lundar, 70.576 skógarþrestir, 57.688 kríur, 40.548 auðnutittlingar, 36.866 ritur, 32.730 fýlar, 21.375 skúmar, 20.614 æðarfuglar (þ.a. 4525 eldisungar), 20.291 teista, 17.848 langvíur og 17.416 þúfutittlingar (1. tafla).

Endurheimtur

Óvenju margar endurheimtur og álestrar á merki bárust á árinu og voru 4579 endurheimtur afgreiddar. Flestar voru þær kontról egin merkja frá merkingamönnum nærri 4000 talsins. Enn bíða talsverðir staflar af kontrólum frá 2018 afgreiðslu, en unnið er af kappi að ljúka því verki. Endurheimtur fjarri merkingarstað voru 556 innanlands (85 dauðir, lesið á merki 77, kontról 394) og 138 erlendis (41 dauðir, 16 kontról og 81 álestur stál- og litmerkja) Af erlendum merkjum á Íslandi voru afgreiddar 88 endurheimtur og álestrar, flestar eða 80 frá Bretlandseyjum, tvær frá Portúgal og frá N-Ameríku, en ein frá Hollandi, Spáni, Moskvu og Noregi (samtala 1921-2018: 64.090 skráðir endurfundir merkja í gagnagrunni).

Mest endurheimtist af auðnutittlingum, aðallega kontról á milli merkingamanna. Alls voru 249 endurheimtur auðnutittlinga innanlands >1 km frá merkingarstað og var tilfærsla að meðaltali 31 km. Alls voru 19 ferðir skráðar á milli Norður- og Suðurlands, álíka margar í hvora átt. Skráðar langferðir innanlands (>150 km) eru nú orðnar 65. Tímabært er að taka saman yfirlit um ferðamynstur auðnutittlinga eftir merkingaátak síðustu fimm ára.

Fyrsta endurheimta auðnutittlings erlendis kom á árinu þegar merktir hafa verið meira en 40 þúsund fuglar. Þessi útrásarvíkingur náðist í net fuglamerkingastöðvarinnar á Skagen nyrst á Jótlandi í Danmörku, 14. október 2018 um 1729 km frá merkingarstað. Það var Sverrir Thorstensen sem merkti fuglinn í garði sínum á Akureyri 2. janúar 2018.

Skógarþröstur (8115347) sem Gunnar Þór Hallgrímsson litmerkti (Y[380]Rm) í Fossvogskirkjugarði sem fullvaxinn fugl á 1. ári 2. október 2017 og sást ítrekað í garði í Grindavík kringum áramótin náðist í net fuglamerkingastöðvarinnar á Røst, Lofoten, Noregi 2. október 2018 þá 1570 km að heiman. Fuglinn hefur líklegast lent í hrakningum því þetta er aðeins í 2. sinn sem íslenskur skógarþröstur endurheimtist í Noregi af 200 endurheimtum erlendis.

Mörg íslensk aldursmet voru slegin á árinu. Tilkynt var um skrofu (481010) sem Jóhann Óli Hilmarsson merkti sem fullorðinn fugl á hreiðri í Ystakletti 10. júní 1991 og Ingvar A. Sigurðsson náði aftur á hreiðri á sama stað 26 árum síðar. Skrofan var þá a.m.k. 28 ára. Tilkynt var um grágæs (130193) sem Arnór Þ. Sigfússon merkti sem ófleygan unga við Blönduós 21. júlí 2000 og fannst dauð (líklega skotinn) við Blönduós 16. október 2017 þá 17 ára og 4 mánaða. Haförn (A1687) sem Kristinn H. Skarphéðinsson merkti sem ófleygan unga í hreiðri á norðanverðu Snæfellsnesi 27. júlí 1993 fannst aðframkominn í V-Húnavatnssýslu í janúar 2018, en var hjúkrað til lífs og sleppt aftur 24 og hálfu ári

síðar. Guðmundur Örn Benediktsson las á málmmerki tjalds (477705) við Koll á Melrakkasléttu 10. apríl 2018 sem Heimir Eiríksson hafði merkt sem ófleygan unga í Bakkahöfða á Tjörnesi 10. júní 1989, 28 árum og 10 mánuðum fyrr. Lesið var á litmerki jaðrakans (629018) 20. febrúar 2018 í Hampshire á Englandi sem Tómas Grétar Gunnarsson merkti sem a.m.k. tveggja ára gamlan 18. apríl 2003. Jaðraninn var því orðinn a.m.k. 16 ára og 10 mánuða þegar lesið var á hann. Teista (556558) sem Morten Frederiksen merkti sem fullorðna á hreiðri 15. júní 1995 handsamaði Þorvaldur Björnsson í hreiðurholu 5. júlí 2018 á sama stað a.m.k. 27 ára og eins mánaðar. Elsti auðnutittlingurinn (9A41196) var merktur sem fullvaxinn á 1. ári eða eldri 19. desember 2011 í garði Sverris Thorstensen náðist tvisvar árið 2018 á sama stað, fyrst 7. mars og síðar 16. nóvember. Þá var hann orðinn a.m.k. 7 ára og 6 mánaða.

Tilkynnt var um nokkra fugla sem náðust eða sáust mjög fjarri merkingarstað. Þrjú spóar endurheimtust 3880 til 5770 km frá merkingastað og var sá sem lengst fór (594037) drepinn í Guinea-Bissau 52 dögum eftir merkingu. Tómas Grétar Gunnarsson merkti hann sem ófleygan unga á Rangárvöllum 24. júní 2016. Stormmáfur (581641) sem sást í Massachusetts í USA 28. febrúar 2017 sást aftur á svipuðum stað 18. febrúar 2018. Hann virðist reglulegur vetrargestur 4111 km frá Akureyrarflugvelli þar sem Þorlákur S. Helgason merkti hann sem ófleygan unga 23. júní 2013. Guðmundur Örn Benediktsson sá nokkrar sanderlur merktar í Mánítaníu og Ghana á Melrakkasléttu vorið 2018 og voru þær komnar 5-7 þúsund km á leið sinni til varpstöðva á A-Grænlandi.

Af erlendum merkjum sem sáust hér árið 2018 ber hæst sandlóa (WASH 0811-42695) sem Godfried Schreur ljósmyndaði á Garðskaga og greina mátti litmerki. Þessi fugl var merktur sem fullvaxinn á Byloteyju, Nunavut, Kanada 11. júlí 2016, 2406 km frá Garðskaga. Þessi endurfundur leiddi svo til að endurfundur annarrar sandlóu merktri á sama stað 29. júní 2014 og lesið hafði verið á í Sandgerði var loks tilkynntur til Náttúrufræðistofnunar. Haftyrðill merktur á Bjarnarey í Barentshafi (STAV DA47457) 2. ágúst 2016 fannst nýdauður í Vestmannaeyjum 5. janúar 2018. Fjallað var um fuglinn í Morgunblaðinu 24. febrúar 2018 í góðri grein Guðna Einarssonar, en ferðir hans tvö undangengin ár voru skráðar með dægurrita. Tilkynnt var um álestur Björns Arnarsonar á litmerkta dvergsvan við Hvalsnes í Lóni A-Skaft. í apríl 2012 sem láðst hafði að tilkynna Náttúrufræðistofnun. Fuglinn reyndist merktur á varpstöðvum á Kashineyju, Korovinskaya-flóa, Nenetskya, Rússlandi fullvaxinn þann 11. ágúst 2011 (MOSK AA2116) 2926 km frá Lóni. Þann 2. maí 2018 las Brynjúlfur Brynjólfsson á litmerkta sílamáf í Grindavík merktan (MADR 6211890) í Malaga á Spáni 20. desember 2014 og var hann kominn um 3250 km veg til varps á Íslandi. Annar litmerktur sílamáfur, álíka langt að kominn, sást í tvígang í Njarðvík (LISB LV8033) 2. maí (Sunna Björk Ragnarsdóttir) og 9. júní (Ásdís Ólafsdóttir). Sá var merktur í Faro í Portúgal 1. apríl 2016. Svartþröstur (BTO LJ89665) merktur 1. nóvember 2017 í Yorkshire á Englandi sást á Stöðvarfirði 1. apríl 2018 og var ljósmyndaður af Jónínu G. Óskarsdóttur svo lesa mátti á merkið. Þetta er 6. breskt merkti svartþrösturinn sem endurheimtist hér á landi, en auk þeirra hafa þrjú norskt merktir fundist hér og einn frá Danmörku.

Gagnavarsla

Merkinga- og endurheimtugögn eru varðveitt í SQL gagnagrunni sem stýrt er með sérhæfðu umsýsluforriti (Flygill) og með fyrirspurnum gegnum Microsoft Access. Merkingaskýrslur 2018 voru nær allar rafrænar og fylgir því mikið hagræði. Skjölín eru tilbúin til innflutnings í gagnagrunninn og léttir það mjög vinnuna. Í árslok 2018 voru

allar íslenskar merkingar og endurheimtur, aðrar en flestir álestrar á litmerki, komnar í grunninn. Búið er að skrá inn allar merkingar á vegum Skovgaard, um 13.890 talsins, en eftir er að villuleita þá skráningu fyrir innflutning.

	Fjöldi 1921-2018	Færslur 31. des. 2018	Í gagna- grunni
Merkingar	746.900	733.800*	98%
Endurheimtur**	64.090	64.090***	100%

* Þ.m.t. merkingar 2018. ** Inniheldur “kontról” á sama stað. *** Þ.a. 735 endurheimtur Skovgaard og 3.999 erlendar

Samstarfsverkefni og leiðangrar

Samstarf Norsk Polarinstituttt við íslenska vísindamenn í svo kölluðu SEATRACK verkefni hefur staðið síðan 2013. Þar fer fram gagnaöflun með dægurritum um ferðir og svæðanotkun 10 sjófuglategunda utan varptíma. Ákveðið hefur verið að verkefninu verði haldið áfram í fjögur ár til viðbótar eða til 2022. Til og með 2018 höfðu safnast 4825 ársferlar 2721 einstaklings af 11 tegundum úr varpstofnum víða í N-Atlantshafi og er hlutdeild íslenskra fugla um 13% (631 ársferill 10 tegunda) af heildar gagnasafninu. Náttúrustofur Norðausturlands, Suðurlands, Reykjaness og Vesturlands auk Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi taka þátt í Seatrack verkefninu.

Nokkrir erlendir aðilar komu til landsins á árinu til fuglamerkinga. Prófessor S. Bearhop stóð fyrir merkingum á margæsum á Vesturlandi eins og undafarin ár og voru 122 fuglar nýmerktir. Norman Ratcliffe, BAS Cambridge, kom hingað til rannsókna á svartfuglum og merkti 50 langvíur, Nina Dehnhard, Univ. of Antwerp í Belgíu, kom hingað til rannsókna á fylum og merkti 50. Anthony Roberts sem fylgdi leiðangri British Explorer Society sem læknir og leiðbeinandi í fuglafræðum merkti 125 fugla, aðallega fullvaxna þúfutittlinga við Svartárvot í Bárðardal.

Úrvinnsla, kynning og birting gagna

Nokkrar beiðnir um tölfraði vegna merkinga og endurheimta eða afhendingu endurheimtugagna til úrvinnslu bárust á árinu og vörðuðu stormsvölu, hrafnsönd, fálka, skógarþröst, svartþröst og hrafn. Í flestum tilfellum var hægt að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 18. apríl 2018 var Óskar J. Sigurðsson fuglamerkingamaður heiðraður fyrir ómetanlegt framlag til fuglarannsókna. Óskar, oftast kenndur við Stórhöfða, merkti 92.093 fugla á árunum 1953-2014: 55.594 lunda, 20.709 fýla og 13.482 snjótitlinga.

Greinar birtar 2018 og önnur umfjöllun tengd íslenskum fuglamerkingum

Duquet, M. 2018. La Grive mauvis islandaise *Turdus iliacus coburni*: statut en France et identification. – Ornithos 25-3: 142-161.

- Furness, R.W., G.T. Hallgrimsson, W.A. Montevecchi, D. Fifield, U. Kubetzki, B. Mendel & S. Garthe 2018. Adult Gannet migrations frequently loop clockwise around Britain and Ireland. *Ringling & Migration* 33: 45-53.
- Guðmundur A. Guðmundsson í viðtali Leifs Haukssonar um fuglamerkingar. Samfélagið í nærmynd á Rás 1, 22.3.2018.
- Guðni Einarsson 2018. Fastir veturgestir við Ísland: Haftyrðill sem fannst dauður í Vestmannaeyjum var með dægurrita. Morgunblaðið 24. febrúar 2018.
- Guðni Einarsson 2018. Nýtt met sett í fjölda fuglamerkinga. Morgunblaðið 7. mars 2018.
- Guðni Einarsson 2018. Sást 6.910 km frá merkingarstaðnum. Morgunblaðið 19. mars 2018.
- Guðni Einarsson 2018. Auðnutittlingur frá Akureyri til Skagen. Morgunblaðið 17. október 2018.
- Linnebjerg, J.F., M. Frederiksen, Y. Kolbeinsson, A.Ö. Snaethórsson, B. Thórisson & T.L. Thórarinsson 2018. Non-breeding areas of three sympatric auk species breeding in three Icelandic colonies. – *Polar Biol.* 41: 1951-1961. <https://doi.org/10.1007/s00300-018-2334-1>
- Machin, P., M. Remisiewicz, J. Fernandez-Elipe et al. 2018. Conditions at the breeding grounds and migration strategy shape different moult patterns of two populations of Eurasian golden plover *Pluvialis apricaria*. – *J. Avian Biol.* 49: Article UNSP e01709
- Mallory, M.L., S.E. Davis, M. Maftai et al. 2018. Adult survival of Arctic terns in the Canadian High Arctic. – *Polar Research* 37: Article 1537710

Urriðaholti í Garðabæ, 9. maí 2019

Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage

1. tafla. Merktir fuglar 2018 skipt eftir tegundum og aldri (fullvaxnir og ófleygir) ásamt heildarfjölda þeirra frá upphafi merkinga 1921 til og með 2018. Sjaldgæfum tegundum er öllum steipt saman í eina heildartölu, og tífundaðar neðanmáls, bæði merkingar 2018 og heildartala frá upphafi.

EUR	Tegund	Species	2018			Samtals 1921-2018		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
20	Lómur	<i>Gavia stellata</i>	12		12	312	264	576
40	Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				13		13
110	Flórgoði	<i>Podiceps auritus</i>				166	380	546
220	Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	221	193	414	27209	5521	32730
460	Skrofa	<i>Puffinus puffinus</i>	12	10	22	294	332	626
520	Stormsvala	<i>Hydrobates pelagicus</i>	26		26	5964	14	5978
550	Sjósvala	<i>Oceanodroma leucorhoa</i>	17		17	8625	136	8761
710	Súla	<i>Morus bassanus</i>				1431	6316	7747
720	Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>		19	19	4	3425	3429
800	Toppskarfur	<i>Phalacrocorax aristotelis</i>	9	26	35	2242	5074	7316
1540	Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	4	18	22	4347	3628	7975
1580	Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	3		3	5632	8215	13847
1590	Blesgæs	<i>Anser albifrons</i>				465		465
1610	Grágæs	<i>Anser anser</i>	4	1	5	1055	2172	3227
1670	Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>	142	102	244	200	138	338
1680	Margæs	<i>Branta bernicla</i>	122		122	1858	0	1858
1730	Brandönd	<i>Tadorna tadorna</i>					5	5
1790	Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>				342	1936	2278
1820	Gargönd	<i>Anas strepera</i>				64	173	237
1840	Urtönd	<i>Anas crecca</i>		2	2	219	961	1180
1860	Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	5	5	10	413	2147	2560
1890	Grafönd	<i>Anas acuta</i>				71	246	317
1940	Skeiðönd	<i>Anas clypeata</i>				2	7	9
2030	Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>				344	994	1338
2040	Duggönd	<i>Aythya marila</i>				560	1452	2012
2060	Æður+eldisungar	<i>Somateria mollissima</i>	447	104	551	11277	9337	20614
2110	Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				130	152	282
2120	Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	4		4	584	862	1446
2130	Hrafnönd	<i>Melanitta nigra</i>	5		5	628	437	1065
2170	Húsönd	<i>Bucephala islandica</i>				612	364	976
2210	Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	1		1	272	123	395
2230	Gulönd	<i>Mergus merganser</i>				9	8	17
2430	Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>		39	39	12	730	742
3090	Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	5	3	8	323	982	1305
3180	Fálki	<i>Falco rusticolus</i>		81	81	108	1760	1868
3300	Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	4		4	5056	4186	9242
4500	Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	60	213	273	1836	9264	11100
4700	Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	15	79	94	1886	7885	9771
4850	Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	4	60	64	1374	8356	9730
4960	Rauðbrystingur	<i>Calidris canutus</i>				7083		7083
4970	Sanderla	<i>Calidris alba</i>				3074		3074
5100	Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		3	3	3104	1186	4290
5120	Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	3	6	9	4295	2135	6430
5190	Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	42	86	128	1222	6338	7560
5320	Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	4	49	53	990	2069	3059
5380	Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	17	145	162	495	6577	7072
5460	Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	7	65	72	1172	7032	8204
5610	Tildra	<i>Arenaria interpres</i>				4139		4139
5640	Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	84	18	102	1371	3048	4419
5650	Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	1	3	4	50	63	113
5670	Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	2	1	3	114	750	864
5690	Skúmur	<i>Catharacta skua</i>		76	76	168	21207	21375
5820	Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1	23	24	376	13177	13553
5900	Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	1	0	1	44	2594	2638
5910	Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	6	15	21	2976	3475	6451
5920	Silfurmafur	<i>Larus argentatus</i>		7	7	1040	2667	3707

1. tafla (frh.)

EUR	Tegund	Species	2018			Samtals 1921-2018		
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls
5980	Bjartmáfur	<i>Larus glaucooides</i>				81		81
5990	Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	9		9	572	2587	3159
6000	Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		19	19	435	3304	3739
6020	Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	9	487	496	3505	33361	36866
6160	Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	136	814	950	5016	52672	57688
6340	Langvía	<i>Uria aalge</i>	59		59	11914	5934	17848
6350	Stuttnefja	<i>Uria lomvia</i>	32		32	1703	94	1797
6360	Álka	<i>Alca torda</i>	4		4	2892	2879	5771
6380	Teista	<i>Cephus grylle</i>		20	20	2384	17907	20291
6540	Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	81	696	777	34452	45865	80317
7680	Brandugla	<i>Asio flammeus</i>		3	3	47	105	152
10110	Þúfuttittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	406	11	417	9116	8300	17416
10200	Maríuerla	<i>Motacilla alba</i>	138	13	151	2154	6602	8756
10660	Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>	77		77	971	168	1139
11460	Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	32		32	1459	3367	4826
11870	Svartþröstur	<i>Turdus merula</i>	173	76	249	1050	203	1253
12010	Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2138	706	2844	47177	23399	70576
13140	Glókollur	<i>Regulus regulus</i>	53		53	274	6	280
15720	Hrafn	<i>Corvus corax</i>		4	4	98	1561	1659
15820	Stari	<i>Sturnus vulgaris</i>	281	54	335	3231	1225	4456
16630	Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	10935	10	10945	38176	2372	40548
18500	Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1288	2	1290	80351	2235	82586
	78 algengar tegundir		17140	4368	21508	364705	374446	739151
	80 aðrar tegundir		138	2	140 ¹⁾	1291	82	1377 ²⁾
	Allar 158 tegundir		17278	4370	21648	365996	374528	740528

¹⁾ Sjaldgæfir 2018 (allir fullvaxnir nema annað sé tekið fram): turnfálki 1, vepja 2u, haftyrdill 3, bjargdúfa 3, silkitoppa 1, glóbrystingur 7, moldþröstur 2, gráþröstur 19, söngþröstur 7, mistilþröstur 1, hauksöngvari 1, netlusöngvari 1, hettusöngvari 19, hnoðrasöngvari 5, gransöngvari 11, laufsöngvari 5, græningi 2, bókfinka 1, fjallafinka 13, grænfinka 1, barrfinka 1, hrímtittlingur 1, krossnefur 33.

²⁾ Sjaldgæfir fuglar frá upphafi (fullvaxnir nema annað sé tekið fram): gráhegri 8, hnúðsvanur 1, dvergsvanur 1, kanadagæs 1, brúðönd 1, ljóshöfðaönd 1, skutulönd 1u, gráheiðir 1, fjallvákur 1, turnfálki 9, gunnfálki 1, hvítfálki 4, förufálki 6, keldusvín 10 fv + 11u, sefhæna 1, bleshæna 4, vepja 2 fv + 5u, dvergsnípa 2, skógarsnípa 5, lappajaðrakani 1, fjöruspói 1 fv + 3u, fjallkjói 3u, ísmáfur 2, kolþerna 1u, haftyrdill 53 fv + 2u, bjargdúfa 3 fv + 2u, hringdúfa 3 fv + 2u, turtildúfa 2, snæugla 3, eyrugla 6, múrsvölungur 5, landsvala 10 fv + 4u, bæjasvala 2, skógtittlingur 1, gulerla 1, silkitoppa 18, runnatítla 1, glóbrystingur 54, blábrystingur 1, garðaskotta 1, vallskvetta 2, moldþröstur 2, gráþröstur 121 fv + 11u, söngþröstur 38, mistilþröstur 3, straumsöngvari 1, síkjásöngvari 4, dvalsöngvari 1, elrisöngvari 3, seljusöngvari 8, sefsöngvari 7, hauksöngvari 16, netlusöngvari 17, garðsöngvari 23, hettusöngvari 251, hnoðrasöngvari 22, gransöngvari 132, laufsöngvari 61, grágrípur 6, peðgrípur 1, flekkugrípur 3, laufglói 1, dvergkráka 8, kráka 1, gráspör 1, græningi 3, bókfinka 16 fv + 1u, fjallafinka 71 fv + 34u, grænfinka 2, þistilfinka 2, barrfinka 96 fv + 6u, hrímtittlingur 17, krossnefur 104, pánefur 1, rósafinka 9, kjarnbítur 1, gulskrkja 1, hörputittlingur 1, sportittlingur 6, hrítittlingur 1.

2. tafla. Virkir merkingamenn 2018

Nr.	Merkingamaður	Upphafsár	Merkingar frá upphafi			Merkingar 2018			Röð
			Fullv.	Ungar	Alls	Fullv.	Ungar	Alls	
430	Anthony Roberts	2018	124	0	124	124	0	124	
273	Arnór Þórir Sígfússon	1983	3237	3372	6609	144	103	247	
417	Árni Ásgeirsson	2015	136	3	139	5	0	5	
261	Björn Hjaltason	1982	1419	2588	4007	511	0	511	9
415	Borgný Katrínardóttir	2014	0	18	18	0	5	5	
380	Böðvar Þórisson	2002	1029	2801	3830	354	41	395	
254	Einar Ó. Þorleifsson	1981	252	146	398	5	0	5	
401	Ellen Magnúsdóttir	2010	438	263	701	8	25	33	
262	Erpur Snær Hansen	1982	4018	1986	6004	125	685	810	5
424	Eyjólfur Tryggvason	2017	7	272	279	6	119	125	
222	Finnur Logi Jóhannsson	1972	1989	2136	4125	266	13	279	
388	Freydís Vigfúsdóttir	2006	261	1578	1839	73	0	73	
385	Fuglaathugunarstöð SA-lands	2005	25224	9781	35005	2330	455	2785	3
289	Guðmundur A. Guðmundsson	1985	8145	3105	11250	266	53	319	
378	Guðmundur Björnsson	2004	10	151	161	1	19	20	
425	Guðmundur Örn Benediktsson	2018	0	4	4	0	4	4	
316	Gunnar Tómasson	1989	11015	943	11958	782	0	782	6
368	Gunnar Þór Hallgrímsson	1999	8363	2399	10762	70	592	662	7
237	Gunnlaugur Pétursson	1977	231	1574	1805	0	1	1	
291	Halldór Walter Stefánsson	1985	512	1080	1592	4	0	4	
332	Hallgrímur Gunnarsson	1991	1467	4062	5529	0	10	10	
369	Hálfván H. Helgason	2001	20	104	124	13	0	13	
429	Höskuldur Þráinsson	2018	50	0	50	50	0	50	
405	Ingvar A. Sigurðsson	2012	7960	1927	9887	2123	8	2131	4
223	Jóhann Óli Hilmarsson	1972	3470	1687	5157	3	3	6	
403	Jón Einar Jónsson	2014	875	62	937	192	19	211	
431	Jón Kolbeinn Jónsson	2018	4	1	5	4	1	5	
309	Jón Magnússon	1988	13248	1512	14760	3431	74	3505	2
240	Kristinn H. Skarphéðinsson	1978	330	1071	1401	0	26	26	
270	Kristlaug Pálsdóttir	1982	10312	4536	14848	65	57	122	
412	Lára Guðmundsdóttir	2013	405	69	474	1	4	5	
420	Margrét Rögnvaldsdóttir	2016	6	4	10	0	4	4	
428	Nina Dehnhard	2018	6	43	49	6	43	49	
427	Norman Ratcliffe	2018	50	0	50	50	0	50	
296	Ólafur Einarsson	1985	1962	1483	3445	15	11	26	
216	Ólafur K. Nielsen	1970	4044	4030	8074	0	81	81	
322	Ólafur Torfason	1982	11966	19699	31665	0	37	37	
409	Óskar Andri Eiríksson	2013	1661	30	1691	299	0	299	
400	Peter Potts	2009	240	1683	1923	2	135	137	
284	Páll Leifsson	1984	3265	1427	4692	340	47	387	
414	Professor S. Bearhop	2014	526	0	526	122	0	122	
406	Róbert A. Stefánsson	2008	0	34	34	0	3	3	
250	Sigurður Ægisson	1980	4295	475	4770	96	7	103	
344	Smári Lúðvíksson	1993	1060	0	1060	31	0	31	
419	Sunna Björk Ragnarsdóttir	2016	119	36	155	9	6	15	
402	Svenja Auhage	2011	1	45	46	0	4	4	
248	Sverrir Thorstensen	1979	43922	35431	79353	4230	977	5206	1
413	Sölvi Rúnar Vignisson	2013	306	150	456	14	47	61	
365	Tómas Grétar Gunnarsson	1997	2015	3291	5306	46	136	182	
382	Vigfús Eyjólfsson	2005	292	394	686	2	0	2	
357	Yann Kolbeinnsson	1995	5043	601	5644	86	13	99	
370	Þorkell L. Þórarinnsson	2001	501	29	530	57	0	57	
381	Þorlákur S. Helgason	2003	3035	2254	5289	332	162	494	10
333	Þorlákur Sigurbjörnsson	1991	9227	4640	13867	484	85	569	8
228	Þorvaldur Björnsson	1973	2531	5814	8345	3	35	38	
364	Þórir Snorrason	1998	37	405	442	0	27	27	
191	Ævar Petersen	1963	10252	43252	53504	99	193	292	
						17279	4370	21648	